



VERKALÝÐSFÉLAG NORÐFIRÐINGA
Egilsbraut 11 - 740 Neskaupstað

Alþingi
Erindi nr. Þ 120,1534
komudagur 17/4 1996

Neskaupstað 15/4 1996.

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Verkalýðsfélags Norðfirðinga um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfnni.
Svar VN. Fylgir hér á eftir.

Almennur fundur í Verkalýðsfélagi Norðfirðinga haldinn 15/4 1996, krefst þess að frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur verði dregið til baka svo að aðilar vinnumarkaðarins geti áfram unnið að gerð rammisamnings um samskiptareglur á vinnumarkaði.

Frumvarpið er gróf íhlutun í innri mál stéttarfélaga og með framlagningu þess hefur ríkisstjórnin með félagsmálaráðherra í fararbroddi rofið áratuga hefð fyrir þrihliða samstarfi og viðtækri sátt um samskiptareglur á vinnumarkaði.

Virðingarfyllt
Fh. Verkalýðsfélags Norðfirðinga.

Jón Ingi Þrisbjörnsson form.

Samrit sent félagsmálaráðherra, þingmönnum Austurlandskjördæmis og ASÍ.
